

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 36/2017

2018/EES/78/36

frá 3. febrúar 2017

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/912 frá 9. júní 2016 um leiðréttingu á reglugerð (ESB) nr. 1303/2014 um tækniforskrift um rekstrar-samhæfi að því er varðar „öryggi í járnbrautargöngum“ í járnbrautakerfi í Evrópusambandinu ⁽¹⁾.
- 2) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í lið 37dba (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1303/2014) í XIII. viðauka við EES-samninginn:

„, eins og henni var breytt með:

- **32016 R 0912:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/912 frá 9. júní 2016 (Stjtíð. ESB L 153, 10.6.2016, bls. 28).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2016/912, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 4. febrúar 2017, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 3. febrúar 2017.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 153, 10.6.2016, bls. 28.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.